

Stofnanasamningur

SFR – stéttarfélags í almannþjónustu og Landspítala – háskólasjúkrahúss

Samningur um nánari forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina skv. ákvæðum 11. kafla í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 9. mars 2005.

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra starfsmanna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 9. mars 2005.

2 Framkvæmd röðunar og mats

Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og ábyrgðar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns.

Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

- skilgreininga á störfum samkvæmt starfslýsingum
- reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í greinum 3 og 4 í samningi þessum
- breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Ákvörðun um röðun skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum félagsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum stofnunar. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna.

3 Röðun starfa í launaflokka

Starfaflokkun og launaröðun starfa er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Vegna breytinga á starfsemi Landspítala - háskólasjúkrahúss geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

4 Mat á þáttum er varða starfsmann

Starfsmaður sem uppfyllir eftirfarandi þætti skal fá þá metna til allt að 2 launaflokka vegna forml. menntunar, 3 flokka vegna endur- og símenntunar og 1 flokk vegna starfsreynslu. Að hámarki geta því starfsmenn hækkað um 6 launaflokka á þessum forsendum, sbr. nánari skýringar í 3. – 5.mgr. þessarar greinar.

Vægi einstakra þátta:

Launaflokkar

- **Formleg menntun umfram grunnkröfur starfs allt að**
 - ◇ Skipulagt eins til tveggja ára nám sem nýtist í starfi.....1 lfl.
 - ◇ Skipulagt þriggja ára nám eða lengra sem nýtist í starfi.....1 lfl. til viðbótar
- **Endur- og símenntun / starfsmenntun allt að**
 - ◇ 60 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi1 lfl.
 - ◇ 120 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi1 lfl. til viðbótar
 - ◇ 200 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi1 lfl. til viðbótar
- **Starfsreynsla**
 - ◇ Eftir 1 ár í starfi hjá LSH.....1 lfl.
 - ◇ Eftir 5 ár í starfi skulu ráðgjafar / stuðningsfulltrúar hækka um einn launaflokk.
 - ◇ Eftir 9 ára starfsreynslu sem nýtist í starfi skulu eftirtaldir starfaflokkar hækka um einn launaflokk; ráðgjafar / stuðningsfulltrúar, sérhæfðir starfsmenn 1–3, skrifstofumenn 1–3, símaverðir og vaktmenn.

Ráðgjafar / stuðningsfulltrúar 1-3 (aðrir en BA) sbr. fylgiskjal 1 geta að hámarki hækkað um 3 launaflokka vegna menntunar.

Ráðgjafar / stuðningsfulltrúar 4-5 (með BA) sbr. fylgiskjal 1. Röðun þeirra innifelur kröfur um nám. Þeir hækka því ekki umfram röðun starfs á forsendum formlegrar menntunar, endur- og símenntunar eða starfsmenntunar.

Faghópar og lögbundin starfsheiti sbr. fylgiskjal 1 hækka ekki vegna starfsreynslu samkvæmt reglum þessarar greinar heldur samkvæmt sérstökum röðunarreglum þeirra hópa, sbr. bls. 6 - 7 í fylgiskjali 1. Sama á við um röðun launafulltrúa.

5 Annað

Heimilt er stofnun að meta til viðbótar við röðun starfsheita samkvæmt fylgiskjali 1 eftirfarandi þætti, enda hafi ekki verið tekið tilliti til þeirra í grunnröðun:

- hvort starfið teljist umfangsmikið/fjölþætt.....0 - 1 lfl.
- hvort starfið feli í sér sérstaka ábyrgð0 - 1 lfl.
- hvort starfið feli í sér flókin eða vandasöm verkefni.....0 - 1 lfl.
- hvort krafist sé sérst. hæfni umfram það sem alm. gerist.....0 - 1 lfl.

Ennfremur er heimilt að taka mið af öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir deild/stofnun.

6 Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

7 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það

Reykjavík, 8. desember 2006

F.h. Landspítala – háskólasjúkrahúss

F.h. SFR – stéttarfélags í almannajónustu

Fylgiskjal 1

Reglur um röðun starfa

| <u>Starfaflokkun</u> | <u>Röðun</u> <u>1.sept. 2006</u> | <u>Röðun</u> <u>1.maí 2007</u> | <u>Skýring</u> |
|---------------------------------|-------------------------------------|-----------------------------------|---|
| Skrifstofumaður 1..... | 003 .. 004 | | Skrifstofumaður á reynslutíma eða í afleysingum. (áður skrifstofumaður a og - 2) |
| Skrifstofumaður 2..... | 005 .. 006 | | Almenn skrifstofustöf. Fulltrúi í hjúkrunarrítara-, lækna- og móttökuritarastarfi. (áður skrifstofumaður b og - 3) |
| Skrifstofumaður 3..... | 008 .. 009 | | Þyngri/fjölbreyttari skrifstofustörf. (áður skrifstofumaður c og - 4 til 8) |
| Skrifstofumaður 4..... | 010 .. 011 | | Sérhæfð skrifstofustörf, reynsla eða fjölbreyttari verkefni. Kerfisfræðingur (áður skrifstofumaður d og skrifstofumaður 9 til 10) |
| Skrifstofumaður 5..... | 013 .. 014 | | Sérhæfð skrifstofustörf þar sem starfsmaður, starfar sjálfstætt og sér alfarið um ákveðin verkefni (áður skrifstofumaður e) |
| Skrifstofumaður 6..... | 016 .. 017 | | Sérhæfð skrifstofustörf þar sem starfsmaður, starfar sjálfstætt og sér alfarið um ákveðin þyngri verkefni samkvæmt starfslýsingu og með a.m.k. 10 ára reynslu í starfi. |
| Skrifstofustjóri á sviði | 017 .. 018 | | Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra |
| Símavörður | 006 .. 007 | | Símavörður samkvæmt starfslýsingu |
| Vaktmaður..... | 004 .. 006 | | Vaktmaður samkvæmt starfslýsingu |
| Öryggisvörður | 010 .. 011 | | Öryggisvörður samkvæmt starfslýsingu |
| Ræstingastjóri..... | 007 .. 008 | | Ræstingastjóri |
| Verkefnastjóri í ræstingu | .. 015 | | Verkefnastjóri í ræstingu |
| Sérhæfður starfsmaður 1..... | 004 .. 005 | | Aðstoðarmaður í aðhlyningu, þjálfun og þjónustu, og tæknimaður 1 lfl. 6. |
| Sérhæfður starfsmaður 2..... | 006 .. 007 | | Rannsóknarmaður 1 og 2 lfl. 8 (almenn störf), matráðsmaður 1 og 2 (almenn störf), starfsmenn í sjúklingaflutningum og tæknimaður 2. |

| <u>Starfaflokkun</u> | <u>Röðun</u> <u>1.sept. 2006</u> | <u>Röðun</u> <u>1.maí 2007</u> | <u>Skýring</u> |
|--|-------------------------------------|-----------------------------------|---|
| Sérhæfður starfsmaður 3.....008 .. 009 | | | Birgðavörður, matráðsmaður 3 (sér alfarið um ákveðin verkefni), rannsóknarmaður 3 lfl. 10 (með reynslu og sinnir fjölbreyttari verkefnum) og tæknimaður 3 lfl. 10. |
| Sérhæfður starfsmaður 4.....009 .. 010 | | | Rannsóknarmaður 4 – 5 lfl. 11 (Reynsla og umsjón verkefna / starfsmaður í “ætagerð”) og tæknimaður 4 lfl. 11. |
| Verkstjóri | 007 .. 008 | | Verkstjóri.þjónusta / hópstjóri |
| Ráðgjafi / stuðningsfulltr. 1..... | 005 .. 006 | | Nýliði / í þjálfun |
| Ráðgjafi / stuðningsfulltr. 2..... | 006 .. 007 | | Alm. starf ráðgjafa / stuðningsfulltrúa. Í starfinu felst m.a. að vera aðstoðarmaður í hópastarfi, sjá um kvöldvökur o.fl. samkvæmt nánari verklýsingu á deild. |
| Ráðgjafi / stuðningsfulltr. 3..... | 007 .. 008 | | Sér um fasta fræðslu, stjórnar hópastarfi, býr til meðferðar- og virkniáætlun, er sérstakur aðstoðarmaður verkefnastjóra o.fl. þess háttar. Starfsmaður verður almennt ekki talinn geta sinnt slíku starfi fyrir en eftir a.m.k. þriggja ára reynslu sem nýtist í viðkomandi starfi samkvæmt starfs-/verklýsingu á deild. |
| Ráðgjafi / stuðningsfulltr. 4..... | 010 .. 011 | | Skilyrði er að starfsm. sé með BA-próf á félags-/uppeldissviði eða sem nýtist í viðkomandi starfi, sbr. fylgiskjal 2. |
| Ráðgjafi / stuðningsfulltr. 5..... | 015 .. 016 | | Skilyrði er að starfsm. sé með BA-próf á félags-/uppeldissviði eða sem nýtist í viðkomandi starfi, sbr. fylgiskjal 2. Kröfur um reynslu og sérþekkingu samkvæmt nánari ákvörðun. Starfsmaður verður almennt ekki talinn geta sinnt slíku starfi fyrir en eftir eins til þriggja ára reynslu sem nýtist í viðkomandi starfi. |
| Verkefnastjóri / hópstjóri | 008 .. 009 | | Starfar samkvæmt sérstakri starfslýsingu verkefnastjóra / hópstjóra á geðsviði LSH. |
| Launafulltrúi 1..... | 010 .. 011 | | Starfar samkv. starfslýsingu launafulltrúa LSH |
| Launafulltrúi 2..... | 012 .. 013 | | eftir 2 ár í starfi sem launafulltrúi LSH |
| Launafulltrúi 3..... | 015 .. 016 | | eftir 4 ár í starfi sem launafulltrúi LSH |
| Launafulltrúi 4..... | 018 .. 019 | | eftir 6 ár í starfi sem launafulltrúi LSH |

Forsenda breyttrar röðunar launafulltrúa er afsal fastra yfirvinnutíma á móti hækku á grunnröðun.

Faghópar og lögbundin starfsheiti

| <u>Starfaflokkun</u> | <u>Röðun</u> <u>1.sept. 2006</u> | <u>Röðun</u> <u>1.maí 2007</u> | <u>Skýring</u> |
|---------------------------------|-------------------------------------|-----------------------------------|---|
| Heilbrigðisritari 1 | 010 .. 011 | | byrjunarlaun |
| Heilbrigðisritari 2 | 011 .. 012 | | eftir 1 ár í starfi |
| Heilbrigðisritari 3 | 012 .. 013 | | eftir 5 ár í starfi |
| Heilbrigðisritari 4 | 014 .. 015 | | verkefnastjóri með umfangsmikil störf skv. sérst. starfslýsingu og a.m.k. 5 ára reynslu í starfi. |
| | | | |
| Lyfjateknir 1 | 012 .. 013 | | byrjunarlaun |
| Lyfjateknir 2 | 014 .. 015 | | eftir 1 ár í starfi |
| Lyfjateknir 3 | 016 .. 017 | | eftir 5 ár í starfi |
| Lyfjateknir 4 | 018 .. 019 | | stýrir ákveðnu verkefni |
| Lyfjateknir 5 | 019 .. 020 | | áður deildarlyfjateknir |
| | | | |
| Læknaritari 1 | 011 .. 012 | | byrjunarlaun |
| Læknaritari 2 | 012 .. 013 | | eftir 1 ár í starfi |
| Læknaritari 3 | 013 .. 014 | | eftir 5 ár í starfi |
| Læknaritari 4 | 015 .. 016 | | verkefnastjóri/stýrir 0-3 læknaritutum |
| Læknaritari 5 | 017 .. 018 | | verkefnastjóri/stýrir 4 eða fleiri læknaritutum |
| | | | |
| Félagsliði 1 | 013 .. 014 | | byrjunarlaun |
| Félagsliði 2 | 014 .. 015 | | eftir 1 ár í starfi |
| Félagsliði 3 | 015 .. 016 | | eftir 5 ár í starfi |
| | | | |
| Áfengis- og vímuefnaráðgj..... | 0xx .. 0xx | | Sérst. starfslýsing á LSH og réttindi skv. reglug. nr. 974/2006 |
| | | | |
| Matartæknir 1 | 010 .. 011 | | byrjunarlaun |
| Matartæknir 2 | 011 .. 012 | | eftir 1 ár í starfi |
| Matartæknir 3 | 012 .. 013 | | með verkstjórn/eftir 5 ár í starfi |
| | | | |
| Næringarrekstrarfræðingur 1 ... | 012 .. 013 | | byrjunarlaun |
| Næringarrekstrarfræðingur 2 ... | 013 .. 014 | | eftir 1 ár í starfi |
| Næringarrekstrarfræðingur 3 ... | 014 .. 015 | | eftir 5 ár í starfi |
| Næringarrekstrarfræðingur 4 ... | 016 .. 017 | | með deildarstjórn |

Forsenda breyttrar röðunar matarfræðinga er afsal fastra yfirvinnutíma á móti hækkun á grunnröðun.

| | | |
|----------------------------|------------|-----------------------------------|
| Matreiðslumaður | 012 .. 013 | matreiðslusveinn |
| Matreiðslumeistari 1 | 016 .. 017 | matreiðslumeistari |
| Matreiðslumeistari 2 | 018 .. 019 | matreiðslumeistari með verkstjórn |
| Vélfraeðingur 1 | 011 .. 012 | byrjunarlaun |
| Vélfraeðingur 2 | 013 .. 014 | eftir 1 ár í starfi |
| Vélfraeðingur 3 | 015 .. 016 | með deildarstjórn |

Aðilar eru sammála um að enginn sem öðlast hefur að lágmarki þriggja mánaða reynslu í starfi á LSH taki laun undir launaflokki 07.

Innfært í Fylgiskjal 1 hafa verið breytingar á grunnröðun Vaktmanna og Sérhæfðra starfsmanna úr viðauka við stofnanasamninginn undirrituðum 29. janúar 2008.

Innfært í Fylgiskjal 1 hafa verið breytingar á stofnanasamninginum undirritaðar í samstarfsnefnd 6. apríl 2010. Þær fela í sér breytingar á starfsheitunum Móttöku-/hjúkrunarritari í Heilbrigðisritari og Matarfraeðingur í Næringarrekstrarfraeðingur ásamt því að starfsheitið Verkefnastjóri í ræstingu hefur verið tekið upp í stofnanasamninginum.

Fylgiskjal 2

með stofnanasamningi SFR og LSH

Mat á menntun ráðgjafa / stuðningsfulltrúa

1. Háskólanám ráðgjafa / stuðningsfulltrúa 4-5 (með BA)

Eftirfarandi háskólanám, sem er a.m.k. 90 einingar, telst vera á félags- / uppeldissviði eða nýtast í starfi ráðgjafa / stuðningsfulltrúa, sbr. fylgiskjal 1 með stofnanasamningi:

- Allt kennaranám, Ba og B.ed.
- Sálfræði
- Uppeldis- og menntunarfræði
- Félagsfræði
- Félagsráðgjöf
- Hjúkrunarfræði
- Sjúkraþjálfun
- Námsráðgjöf
- Guðfræði
- Leiklist
- Félagsmálafræði (fritidsledare)
- Mannfræði
- Heimspeki

2. Formleg menntun ráðgjafa / stuðningsfulltrúa 1-3

Eftirfarandi nám er metið sem formleg menntun umfram grunnkröfur starfs ráðgjafa og stuðningsfulltrúa, sbr. fylgiskjal 1 og 4. grein stofnanasamnings:

- Þjóðfræði
- Kynjafræði
- Hagnýt fjölmiðlafræði
- Lyfjatekni
- Stjórn málafræði
- Tónlistarnám
- Hönnun
- Listasaga
- 60 eininga háskólanám sem nýtist í starfi sbr. lið 1